

**REGLUGERÐ****88**

17. ágúst

**um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.**

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

**1. gr.**

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad) til fiskveiða í landhelgi fyrir innan línu frá Vindfelli í Kolbeinstangasporð, og innan línu úr Kolbeinstangasporði í Fuglabjarganesodda, á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert. Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

**2. gr.**

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgigæzlu ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

**3. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

**SAMÞYKKT****89**

26. ágúst

**um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt.

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á svonefndri Höepfnerseign syðst á Oddeyrartanga í Akureyrarkaupstað, lóðum að stærð um 8500 ferm., ásamt réttindum til sjávar, bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem á lóðinni eru.

**89** Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að  
26. ágúst telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**90**

15. sept.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kanadasjóð til styrktar íslenskum námsmönnum.

### 1. gr.

Kanadasjóður, til styrktar íslenskum námsmönnum, er stofnaður af gjöf að upphæð 25000 kanadiskir dollarar, sem Kanadaþing hefir gefið Íslandi í til-efni af þúsund ára minningarhátíð Alþingis 1930, sem tákn um vinarhug.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenska námsmenn og fræðimenn til háskólanáms í Kanada. Styrkur skal einkum veittur kandidötum frá Háskóla Íslands eða íslenskum kandidötum frá erlendum háskólum, verkfræðingaskólum eða öðrum hliðstæðum menntastofnunum, þó má og veita stúdentum styrk þegar sérstaklega stendur á. Námsmenn, er leggja stund á fræðigreinar, er snert geta atvinnulíf á Íslandi, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir.

### 3. gr.

Forsætisráðherra Íslands hefir á hendi stjórn sjóðsins og ákveður hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað. Hann úthlutar og styrkjum, að fengnum tillögum Háskólaráðs Íslands eða annara stofnana, ef ástæður þykja til.

Heimilt er að veita sama námsmanni styrk í fleiri en eitt ár.

### 4. gr.

Á ári hverju má úthluta öllum ársvöxtum sjóðsins. Heimilt er að verja öllum ársvöxtum til styrktar einum námsmanni, en rétt er og að skipta þeim milli tveggja eða fleiri námsmanna.

Ef engin styrkumsókn berst á einhverju ári, sem ástæða þykir að sinna, þá þarf ekki að úthluta ársvöxtunum, heldur má geyma þá til úthlutunar á næstu árum eða bæta þeim við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Auglýsingar um styrk úr sjóðnum skulu birtar í Lögbirtingablaðinu, með nægum fyrirvara.